

Nd.

218. Frumvarp til laga

[8. mál]

um sölu á prestssetursjörðinni Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, og húseignunum nr. 15 við Tómasarhaga í Reykjavík, nr. 18 við Brekkugötu í Hafnarfirði og nr. 2 við Vesturbraut í Grindavík.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. jan.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að bjóða til sölu og selja, ef viðunandi tilboð fást, eftirtaldar fasteignir ríkisins:

Prestssetursjörðina Setberg í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu, að undanskilinni Melrakkaey.

Húseignina Tómasarhaga 15 í Reykjavík.

Húseignina Brekkugötu 18, Hafnarfirði.

Húseignina Vesturbraut 2, Grindavík.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.